

5. janúar 1979.

1

Nr. 1.

## AUGLÝSING um innborgunarreglur.

Á grundvelli 10. gr. reglugerðar nr. 79 27. maí 1960 um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála, sbr. reglugerð nr. 168 1967, og 1. gr. laga nr. 30/1960 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., hefur viðskiptaráðuneytið í samráði við Seðlabankann ákveðið, að við gjaldeyriskaup eða innlausn skjala í banka skuli greiða 35% af innlausnarverði vöruskjala vegna kaupa á erlendum húsgögnum, innréttungum, gluggum og hurðum í eftirfarandi tollskrárflokkum:

44.23.02	94.03.12	94.03.19	94.03.24
44.23.03	94.03.13	94.03.21	94.03.29
94.01.13	94.03.14	94.03.22	94.03.31
94.01.14	94.03.15	94.03.23	94.03.32
94.01.19			

Gjaldeyriskarnir skulu greiða innborgunarféð jafnóðum inn á reikninga við Seðlabankann og skal það vera bundið þar í 90 daga.

Af innborguðu fé verða greiddir sömu vextir og greiddir eru af innstæðum í almennum sparisjóðsbókum í innlánsstofnunum.

Ekki skal krafist innborgunar af lægri greiðslu á hverjum tíma en 20 000 krónum. Innborgunarhlutfall miðast við hver einstök gjaldeyriskaup eða afgreiðslur.

Ofanskráðar reglur gilda frá 8. janúar 1979 til 31. desember 1980.

*Viðskiptaráðuneytið, 5. janúar 1979.*

**F. h. r.**

**Dórhallur Ásgeirsson.**

*Yngvi Ólafsson.*